



Alþingi, atvinnuveganefnd
Austurstræti 10-14
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/2352
komudagur 10.5.2012

Umsögn til Alþingis; frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum (stofnstyrkir, frádráttarákvæði), mál 689, þingskjal 1165, 140. löggjafarþing

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) styður efni tillögu um að fella niður lokamálslið 1. mgr 12. gr laga nr 78/2002. Mikilvægt er að þeir stofnstyrkir sem veittir er af skornum skammti til uppbygging hitaveitna séu ekki skertir með þeim hætti sem ákvæði 1. mgr 12. gr segir til um.

Breyting samkvæmt framangreindu er ein af tillögum starfshóps um breytingar á niðurgreiðslu til húshitunar. Starfshópurinn var skipaður af iðnaðarráðherra í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum, í framhaldi af tillögu af fundi ríkisstjórnar á Ísafirði þann 5. apríl 2011. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra þann 19. desember 2011¹.

FV telur að ríkisstjórn hafi með tillögu sinni þann 5. apríl 2011 lýst vilja sínum að vinna að úrlausn þessa misréttis í búsetuskilyrðum þegna landsins. FV vill því nýta þetta tækifæri, til að hvetja atvinnuveganefnd Alþingis vinna að því að hraða úrbótum á þessum málaflokki á grundvelli tillagna starfshópsins. Leggja verður áherslu á að stærri áfanga þarf til, en koma fram í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, þó segja megji að *mjór er mikils vísir*.

Ísafirði 10. maí 2012.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

¹ <http://www.idnadarraduneyti.is/media/frettir2/Tillogur-starfshops.pdf>